

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 75/2005**

**frá 29. apríl 2005**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 8. júní 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 845/2004/EB frá 29. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun nr. 163/2001/EB um framkvæmd áætlunar um menntun fagfólks í evrópskum hljóð- og myndmiðla iðnaði (MEDIA – Menntun) (2001–2005) <sup>(2)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 195, 2.6.2004, bls. 1.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 846/2004/EB frá 29. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2000/821/EB um framkvæmd áætlunar um að hvetja til þróunar, dreifingar og kynningar á evrópskum hljóð- og myndverkum (MEDIA plús – þróun, dreifing og kynning) (2001–2005) <sup>(3)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 195, 2.6.2004, bls. 2.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að hið aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2006 að telja.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

9. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í fjórða undirlið 4. mgr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 163/2001/EB):  
„- **32004 D 0845**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 845/2004/EB frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið ESB L 195, 2.6.2004, bls. 1.“
2. Eftirfarandi bætist við í fimmta undirlið 4. mgr. (ákvörðun ráðsins nr. 2000/821/EB):  
„, eins og henni var breytt með:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 4.

- **32004 D 0846:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 846/2004/EB frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 4), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið ESB L 195, 2.6.2004, bls. 2.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2006 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.